

**Nd.**

**643. Nefndarálit**

[145. mál]

um breyt. á l. nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum. Umsagnir bárust frá Búnaðarfélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Landgræðslu ríkisins og voru þær allar jákvæðar.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

**BREYTINGU:**

Við 3. gr.

Í stað „Réttur hvers lögbýlis skal vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar“ í 4. mgr. 24. gr. komi: Réttur hvers lögbýlis sem sérmetið var við fasteignamat árið 1932, skal að  $\frac{1}{3}$  vera jafn, en að  $\frac{2}{3}$  skal hann vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar.

Alþingi, 5. maí 1976.

Stefán Valgeirsson,  
form., frsm.  
Friðjón Þórðarson.

Þórarinn Sigurjónsson,  
fundaskr.  
Eðvarð Sigurðsson.  
Pálmi Jónsson.

Ingólfur Jónsson.  
Benedikt Gröndal.